

## AUGLÝSING

**um gerð sem felur í sér breytingu á samningi sem ráð Evrópusambandsins og Ísland og Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna.**

Hinn 25. október 2005 var ráði Evrópusambandsins tilkynnt um samþykki Íslands á reglugerð ráðsins nr. 2133/2004 frá 13. desember 2004, um þá kröfu að lögbær yfirvöld aðildarríkjanna stimpli kerfisbundið í ferðaskilríki ríkisborgara þriðju landa þegar þeir fara yfir ytri landamæri aðildarríkjanna og um breytingu á ákvæðum samningsins um framkvæmd Schengen-samkomulagsins og sameiginlegu handbókarinnar í því skyni, sem felur í sér breytingu á samningi sem ráð Evrópusambandsins og Lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gerðu með sér 18. maí 1999 um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 21 og 49/2000 þar sem samningurinn er birtur. Breytingin öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 25. október 2005.

Reglugerðin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari. Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utánríkisráðuneytinu, 28. október 2005.*

**Geir H. Haarde.**

*Gunnar Snorri Gunnarsson.*

### Fylgiskjal.

#### REGLUGERÐ RÁÐSINS

(EB) nr. 2133/2004

frá 13. desember 2004

um þá kröfu að lögbær yfirvöld aðildarríkjanna stimpli kerfisbundið í ferðaskilríki ríkisborgara þriðju landa þegar þeir fara yfir ytri landamæri aðildarríkjanna og um breytingu á ákvæðum samningsins um framkvæmd Schengen-samkomulagsins og sameiginlegu handbókarinnar í því skyni.

#### COUNCIL REGULATION

(EC) No 2133/2004

of 13 December 2004

on the requirement for the competent authorities of the Member States to stamp systematically the travel documents of third country nationals when they cross the external borders of the Member States and amending the provisions of the Convention implementing the Schengen Agreement and the common manual to this end

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR, með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum a-lið 2. mgr. 62. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álit Evrópuþingsins <sup>(1)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Á fundi leiðtoga ráðsins, sem haldinn var í Sevilla 21. og 22. júní 2002, var hvatt til nánari samvinnu í baráttunni gegn ólöglegum innflutningi fólks og fór ráðið þess

THE COUNCIL OF THE EUROPEAN UNION, Having regard to the Treaty establishing the European Community, and in particular Article 62(2)(a) thereof,

Having regard to the proposal from the Commission,

Having regard to the opinion of the European Parliament <sup>(1)</sup>,

Whereas:

- (1) The European Council held in Seville on 21 and 22 June 2002 called for closer cooperation in combating illegal immigration and called on the Commission and

- á leit við framkvæmdastjórnina og aðildarríkin að þau gerðu hagnýtar ráðstafanir til að tryggja sambærilegt eftirlit og gæslu á ytri landamærum.
- 2) Ákvæði samningsins um framkvæmd Schengen-samkomulagsins frá 14. júní 1985 <sup>(2)</sup>, og sameiginlegu handbókarinnar <sup>(3)</sup> varðandi för yfir ytri landamæri eru hvorki nógu skýr né nákvæm að því er varðar skylduna að stimpla í ferðaskilríki ríkisborgara þriðju landa þegar þeir fara yfir ytri landamæri. Slík ákvæði leiða til mismunandi venju í aðildarríkjunum og valda því að erfitt er að fylgjast með hvort skilyrði varðandi lengd stuttrar dvalar ríkisborgara þriðju landa á yfirráðasvæðum aðildarríkjanna eru uppfyllt, þ.e. þrír mánuðir af hverju sex mánaða tímabili hið mesta.
- 3) Á fundi sínum 27. og 28. febrúar 2003 lýsti ráðið stuðningi við þau áform framkvæmdastjórnarinnar að skýra gildandi reglur á þessu sviði, m.a. með tillögu að reglugerð ráðsins sem skyldaði aðildarríkin til að stimpla kerfisbundið í ferðaskírteini ríkisborgara þriðju landa við komu og brottför á ytri landamærastöðvum.
- 4) Í ályktun sinni frá 8. maí 2003 fór ráðið fram á afmarkaðar eftirlitsbiðraðir, aðgreindar með skiltum, fyrir fólk af mismunandi þjóðerni. Sértekur reglur bandalagsins um staðbundna landamærumferð ættu að bæta stjórnun þeirra aðila sem annast þjónustu á ytri landamærum sem gerir það auðveldara að takast á við þá erfiðleika sem upp koma í reynd vegna krafna um að stimpla kerfisbundið í ferðaskilríki ríkisborgara þriðju landa. Þessar ráðstafanir munu einnig stuðla að því að tryggja að ekki séu gerðar ráðstafanir, sem draga úr eftirliti með fólki á ytri landamærum, nema í undantekningartilvikum.
- 5) Með því að skuldbinda aðildarríkin til að stimpla kerfisbundið í ferðaskilríki ríkisborgara þriðju landa þegar þeir koma inn á yfirráðasvæði aðildarríkjanna er gert ráð fyrir, ásamt því að takmarka þær aðstæður þar sem heimilt er að gera ráðstafanir til að draga úr eftirliti með fólki á ytri landamærum, að hægt sé, vanti stimpil í slík ferðaskilríki, að ganga út frá
- the Member States to take operational steps to ensure an equivalent level of control and surveillance of external borders.
- (2) The provisions of the Convention implementing the Schengen Agreement of 14 June 1985 <sup>(2)</sup>, and of the common manual <sup>(3)</sup> concerning the crossing of external borders lack clarity and precision as regards the obligation to affix stamps to the travel documents of third-country nationals when they cross external borders. As a result, such provisions lead to divergent practices in the Member States and make it difficult to check whether the conditions relating to the duration of short stays for such third country nationals on the territory of the Member States are fulfilled, namely a maximum of three months in any six-month period.
- (3) At its meeting of 27 and 28 February 2003, the Council expressed support for the Commission's intention to clarify the existing rules in this area, notably by specifying, by way of a proposal for a Council Regulation the obligation for the Member States to stamp systematically third country nationals' travel documents on entry and exit at external border crossings.
- (4) In its Conclusions of 8 May 2003 the Council called for separate control lanes for different nationalities, differentiated by signs. Specific Community rules on local border traffic should improve the management of external borders by the services responsible, making it easier to overcome any practical difficulties arising from the requirement to stamp third country nationals' travel documents systematically. These measures will also help to ensure that any measures relaxing checks on persons at external borders are exceptional.
- (5) The obligation on the Member States to stamp third country nationals' travel documents systematically when they enter the territory of the Member States provides, in conjunction with the limitation regarding the circumstances in which measures relaxing checks on persons at external borders may be adopted, the possibility of presuming, in the absence of a stamp on

því að handhafi þeirra uppfylli ekki, eða uppfylli ekki lengur, skilyrðin um lengd stuttrar dvalar.

- 6) Hins vegar ætti hlutaðeigandi ríkisborgari þriðja lands að geta hrakið slíka ályktun með því að leggja fram viðeigandi og trúverðugar sannanir. Í slíkum tilvikum skulu lögbær innlend yfirvöld staðfesta dagsetningu og stað viðkomandi landamærastöðvar til að hlutaðeigandi ríkisborgari þriðja lands fái í hendur sönnun um að skilyrði varðandi lengd dvalar séu uppfyllt.
- 7) Stimplun ferðaskilríkja gerir kleift að staðfesta með vissu hvenær og hvar farið var yfir landamæri án þess að það sé staðfest, í öllum tilvikum, hvort tilskildar eftirlitsráðstafanir varðandi ferðaskilríki hafi verið framkvæmdar.
- 8) Í þessari reglugerð er einnig rétt að skilgreina flokka fólks með skilríki sem ekki þarf að stimpla kerfisbundið þegar farið er yfir ytri landamæri aðildarríkjanna. Í þessu samhengi ber að leggja áherslu á að reglur bandalagsins um staðbundna landamæraumferð, þ.m.t. reglur um stimplun í ferðaskilríki íbúa á landamærasvæðum, eru í undirbúningi. Þar til reglur bandalagsins um staðbundna landamæraumferð hafa verið samþykktar, skal viðhalda þeim möguleika að undanþiggja ferðaskilríki íbúa á landamærasvæðum kvöðinni um stimplun í samræmi við gildandi tvíhliða samninga um staðbundna landamæraumferð.
- 9) Breyta ber ákvæðum samningsins um framkvæmd Schengen-samkomulagsins og sameiginlegu handbókarinnar til samræmis við þetta.
- 10) Í samræmi við 1. og 2. gr. bókunarinnar um stöðu Danmerkur, sem fylgir með sem viðauki við sáttmálann um Evrópusambandið og stofnsáttmála Evrópubandalagsins, tekur Danmörk ekki þátt í samþykkt þessarar reglugerðar og er ekki bundin af henni eða beitingu hennar. Þar eð þessi reglugerð byggir á Schengen-gerðunum, samkvæmt ákvæðum IV. bálks 3. hluta stofnsáttmála Evrópubandalagsins, ber Danmörku, í samræmi við 5. gr. fyrrnefndrar bókunar, að ákveða innan sex mánaða eftir að ráðið hefur samþykkt

such travel documents, that their holder is not, or is no longer, respecting the conditions relating to the duration of a short stay.

- (6) However, it should be possible for the third country national concerned to overturn this presumption by any form of relevant and credible proof. In such cases, the competent national authorities should certify the date and the place of the relevant border crossing so as to provide the third country national concerned with evidence of the compliance with the conditions relating to the duration of the stay.
- (7) The stamping of the travel document makes it possible to establish, with certainty, the date and place of the crossing of the border, without establishing in all cases that all the required travel document control measures have been carried out.
- (8) This Regulation should also define the categories of persons whose documents do not have to be stamped systematically upon crossing the external borders of the Member States. In this context, it should be stressed that Community rules on local border traffic, including rules on the stamping of travel documents of border residents, are in the course of preparation. Pending the adoption of Community rules on local border traffic, the possibility of exempting the travel documents of border residents from the obligation of stamping should be maintained in accordance with existing bilateral agreements on local border traffic.
- (9) The provisions of the Convention implementing the Schengen Agreement and the common manual should be amended accordingly.
- (10) In accordance with Articles 1 and 2 of the Protocol on the position of Denmark annexed to the Treaty on European Union and to the Treaty establishing the European Community, Denmark is not taking part in the adoption of this Regulation and is not bound by it or subject to its application. Given that this Regulation builds on the Schengen acquis under the provisions of Title IV of Part Three of the Treaty establishing the European Community, Denmark shall, in accordance with Article 5 of the said Protocol, decide within a

reglugerð þessa hvort hún muni taka hana upp í landslög.

- 11) Að því er Ísland og Noreg varðar telst þessi reglugerð vera þróun á ákvæðum Schengen-gerðanna í skilningi samningsins sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og Konungsríkið Noregur gerðu með sér um þátttöku þessara tveggja ríkja í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna <sup>(4)</sup>, sem falla innan sviðsins sem um getur í A-lið 1. gr. ákvörðunar 1999/437/EB <sup>(5)</sup> um sérstakt fyrirkomulag um beitingu þess samnings.
- 12) Að því er Ríkjasambandið Sviss varðar telst þessi reglugerð vera þróun á ákvæðum Schengen-gerðanna í skilningi samningsins sem Evrópubandalagið, Ríkjasambandið Sviss gerðu með sér um þátttöku Ríkjasambandsins Sviss í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna <sup>(6)</sup>, sem falla innan sviðsins sem um getur í A-lið 1. gr. ákvörðunar 1999/437/EB túlkuð í tengslum við 1. mgr. 4. gr. ákvörðunar frá 25. október 2004 um undirritunina fyrir hönd Evrópusambandsins, undirritunina fyrir hönd Evrópubandalagsins og um bráðabirgðabeitingu tiltekinnna ákvæða þess samnings <sup>(7)</sup>.
- 13) Þessi reglugerð telst vera þróun á ákvæðum Schengen-gerðanna, sem Breska konungsríkið tekur ekki þátt í, í samræmi við ákvörðun ráðsins 2000/365/EB frá 29. maí 2000 varðandi beiðni Hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands um að eiga þátt í sumum ákvæðum Schengen-gerðanna <sup>(8)</sup>; Breska konungsríkið tekur því ekki þátt í samþykkt hennar og er ekki bundið af henni eða beitingu hennar.
- 14) Þessi reglugerð telst vera þróun á ákvæðum Schengen-gerðanna, sem Írland tekur ekki þátt í, í samræmi við ákvörðun ráðsins 2002/192/EB frá 28. febrúar 2002 varðandi beiðni Írlands um að eiga þátt í sumum ákvæðum Schengen-gerðanna <sup>(9)</sup>. Írland tekur því ekki þátt í samþykkt
- period of six months after the Council has adopted this Regulation whether it will implement it in its national law.
- (11) As regards Iceland and Norway, this Regulation constitutes a development of the provisions of the Schengen acquis, within the meaning of the Agreement concluded by the Council of the European Union and the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway concerning the association of those two States with the implementation, application and development of the Schengen acquis <sup>(4)</sup>, which fall within the area referred to in Article 1(A) of Decision 1999/437/EC <sup>(5)</sup> on certain arrangements for the application of that Agreement.
- (12) As regards Switzerland, this Regulation constitutes a development of the provisions of the Schengen acquis within the meaning of the Agreement signed between the European Union, the European Community and the Swiss Confederation concerning the association of the Swiss Confederation with the implementation, application and development of the Schengen acquis <sup>(6)</sup>, which fall in the area referred to in Article 1(A) of Decision 1999/437/EC read in conjunction with Article 4(1) of the Council Decisions of 25 October 2004 on the signing on behalf of the European Union, and on the signing on behalf of the European Community, and on the provisional application of certain provisions of that Agreement <sup>(7)</sup>.
- (13) This Regulation constitutes a development of the provisions of the Schengen acquis in which the United Kingdom does not take part, in accordance with Council Decision 2000/365/EC of 29 May 2000 concerning the request of the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland to take part in some of the provisions of the Schengen acquis <sup>(8)</sup>. The United Kingdom is therefore not taking part in its adoption and is not bound by it or subject to its application.
- (14) This Regulation constitutes a development of the provisions of the Schengen acquis in which Ireland does not take part, in accordance with Council Decision 2002/192/EC of 28 February 2002 concerning Ireland's request to take part in some of the provisions of the Schengen

hennar og er ekki bundið af henni eða beitingu hennar.

#### SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

##### 1. gr.

Markmiðið með þessari reglugerð er:

- að ítreka þá skuldbindingu lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna að stimpla ferðaskilríki ríkisborgara þriðja lands á kerfisbundinn hátt þegar þeir fara yfir ytri landamæri aðildarríkjanna,
- að tilgreina þær aðstæður þar sem komustimpil vantar í ferðaskilríki ríkisborgara þriðja lands sem getur leitt til þeirrar ályktunar að farið hafi verið fram yfir heimilaða lengd stuttrar dvalar slíkra ríkisborgara á yfirráðasvæði aðildarríkjanna.

##### 2. gr.

Ákvæðum samningsins um framkvæmd Schengen-samkomulagsins er breytt sem hér segir:

1. Í stað e-liðar 2. mgr. 6. gr. komi eftirfarandi:

„e) Ef ekki er hægt að framkvæma slíkt eftirlit vegna óvenjulegra og ófyrirséðra aðstæðna, sem kalla á tafarlausar ráðstafanir, verður að ákveða forgangsröðun. Í þeim tilvikum skal eftirlit við komu almennt hafa forgang fram yfir eftirlit við brottför“.

2. Eftirfarandi greinar bætist við:

##### „6. gr. a

Stimpla skal kerfisbundið ferðaskilríki ríkisborgara þriðju lands, sem um getur í a-lið, 1. mgr. 5. gr., við komu og brottför.

##### 6. gr. b

1. Ef enginn komustimpill er í ferðaskilríkjum ríkisborgara þriðja lands kunna lögbær innlend yfirvöld að álykta að handhafi þeirra uppfylli ekki, eða uppfylli ekki lengur, skilyrðin um lengd dvalar sem gilda í hlutaðeigandi aðildarríki.

2. Hægt er að hrekja þessa ályktun ef ríkisborgari þriðja lands leggur fram, með hvaða hætti sem er, trúverðugt sönnunargagn s.s. farmiða eða sönnun fyrir veru sinni utan yfirráðasvæðis aðildarríkjanna sem sýnir að hann hefur uppfyllt skilyrðin um lengd stuttrar dvalar.

acquis<sup>(9)</sup>. Ireland is therefore not taking part in its adoption and is not bound by it or subject to its application,

#### HAS ADOPTED THIS REGULATION:

##### Article 1

The purpose of this Regulation is:

- to reiterate the obligation for the competent authorities of the Member States to stamp systematically third-country nationals' travel documents when they cross the external borders of the Member States;
- to specify the conditions under which the absence of an entry stamp on third country nationals' travel documents may constitute a presumption that the authorised duration of a short stay by such nationals on the territory of the Member States has been exceeded.

##### Article 2

The provisions of the Convention implementing the Schengen Agreement are hereby amended as follows:

1. Article 6(2)(e) shall be replaced by the following:

‘e) If in exceptional and unforeseen circumstances requiring immediate measures such checks cannot be carried out, priorities must be set. In that case, entry checks shall as a rule take priority over exit checks’;

2. The following Articles shall be inserted:

##### ‘Article 6a

The travel documents of third-country nationals referred to in Article 5(1)(a), shall be systematically stamped on entry and exit.

##### Article 6b

1. If the travel document of a third-country national does not bear an entry stamp, the competent national authorities may presume that the holder does not fulfil, or no longer fulfils, the conditions of duration of stay applicable within the Member State concerned.

2. This presumption may be rebutted where the third-country national provides, by any means, credible evidence such as transport tickets or proof of his or her presence outside the territory of the Member States, which shows that he or she has respected the conditions relating to the duration of a short stay.

Í þeim tilvikum:

- a) ef ríkisborgari þriðja lands er á yfirráðasvæði aðildarríkis, sem beittir ákvæðum Schengen-gerðanna til fulls, skulu lögbær yfirvöld tilgreina, í samræmi við innlend lög og starfsvenjur, í ferðaskilríkjum ríkisborgara þriðja lands, hvenær og hvar hann fór yfir ytri landamæri í einhverju þessara aðildarríkja,
  - b) ef ríkisborgari þriðja lands er á yfirráðasvæði aðildarríkis þar sem ekki hefur verið tekin ákvörðun sú sem ráðgerð er í 2. mgr. 3. gr. aðildarlaganna frá 2003, skulu lögbær yfirvöld tilgreina, í samræmi við innlend lög og starfsvenjur, í ferðaskilríkjum ríkisborgara þriðja lands, hvenær og hvar hann fór yfir ytri landamæri aðildarríkisins,
  - c) auk tilgreiningarinnar sem um getur í a- og b-lið er heimilt að láta hlutaðeigandi ríkisborgara þriðja lands fá eyðublað eins og það sem er sýnt í viðaukanum.
  - d) Aðildarríkin skulu tilkynna hvert öðru, ásamt framkvæmdastjórninni og skrifstofu ráðsins, um innendar starfsvenjur að því er varðar tilgreininguna er um getur í þessari grein.
3. Ef ályktunin, sem um getur í 1. mgr., er ekki hrakin er lögbærum yfirvöldum heimilt að vísa ríkisborgara þriðja lands brott af yfirráðasvæði hlutaðeigandi aðildarríkja.“.

### 3. gr.

Ákvæðum II. hluta sameiginlegu handbók- arinnar er breytt sem hér segir:

1. Í stað liðar 1.3.5. komi eftirfarandi:

„1.3.5. Við óvenjulegar og ófyrirséðar aðstæður er heimilt að draga úr eftirliti á landamærum. Þetta á við þegar ófyrirséðir atburðir verða til þess að landamæraumferð verður svo þung að biðtíminn við eftirlitsstöðvarnar verður of langur ásamt því að allt starfsfólk, aðstaða og skipulag hefur verið fullnýtt.“.

2. Eftirfarandi liður bætist við:

In such cases:

- a) where the third-country national is found on the territory of the Member States applying the Schengen acquis in full, the competent authorities shall indicate, in accordance with national law and practice, in the third-country national's travel document the date on which, and the place where, the person has crossed the external border of one of these Member States;
  - b) where the third-country national is found on the territory of a Member State in respect of which the decision contemplated in Article 3(2) of the 2003 Act of Accession has not been taken, the competent authorities shall indicate, in accordance with national law and practice, in the third-country national's travel document the date on which, and the place where, the person has crossed the external border of that Member State;
  - c) in addition to the indication as referred to in (a) and (b), a form as shown in the Annex may be given to the third-country national concerned;
  - d) Member States shall inform each other and the Commission and the Council Secretariat of their national practices with regard to the indication referred to in this Article.
3. Should the presumption referred to in paragraph 1 not be rebutted, the third-country national may be expelled by the competent authorities from the territory of the Member States concerned.’.

### Article 3

Part II of the common manual is hereby amended as follows:

1. Point 1.3.5. shall be replaced by the following:

‘1.3.5. Checks at land borders may be relaxed as a result of exceptional and unforeseen circumstances. This will be the case where unforeseen events lead to such intensity of traffic that the delay in the time taken to reach checking posts becomes excessive, and all resources have been exhausted as regards staff, facilities and organisation.’.

2. The following point shall be inserted:

- „1.3.5.4. Jafnvel þótt dregið sé úr eftirliti verða embættismenn, sem bera ábyrgð á staðbundnu landamæraeftirliti, að stimpla ferðaskilríki ríkisborgara þriðju landa við komu og brottför.“.
3. Lið 2.1.1. er breytt sem hér segir:
- a) Í stað inngangssetningar fyrstu undirgreinar komi eftirfarandi:
- „2.1.1. Við komu eða brottför frá yfirráðasvæði aðildarríkis skal stimpla“,
- b) Í stað annarrar undirgreinar komi eftirfarandi:
- „Ekki skal setja komu- eða brottfararstimpil í skilríki borgara Evrópusambandsins, ríkisborgara landa á Evrópska efnahagssvæðinu eða ríkisborgara Ríkjasambandsins Sviss.
- Ekki skal heldur setja komu- eða brottfararstimpil í skilríki ríkisborgara þriðju landa sem eru aðstandendur borgara Evrópusambandsins, ríkisborgara landa á Evrópska efnahagssvæðinu eða ríkisborgara ríkjasambandsins Sviss að því tilskildu að þeir leggi fram búsetukort sem aðildarríki eða eitt þessara þriðju ríkja hafa gefið út í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/38/EB frá 29. apríl um rétt borgara Sambandsins og aðstandenda þeirra til frjálsra flutninga og búsetu á yfirráðasvæði aðildarríkjanna <sup>(10)</sup>“.
4. Eftirfarandi undirliður bætist við lið 2.1.5.:
- „– í ferðaskilríki einstaklinga sem falla undir tvíhliða samninginn um staðbundna landamæraumferð, þar sem ekki er kveðið á um stimplun þessara skilríkja, að því tilskildu að þessir tvíhliða samningar samrýmist lögum bandalagsins“.
5. Eftirfarandi undirgrein bætist við lið 3.4.2.3:
- „Þrátt fyrir tilslakanir á eftirliti verða þar til bærir eftirlitsmenn að fara að ákvæðum liðar 1.3.5.4.“
- ‘1.3.5.4. Even in the event of checks being relaxed, the officials locally responsible for border checks must stamp the travel documents of third-country nationals both on entry and exit.’.
3. Point 2.1.1. is hereby amended as follows:
- a) The introductory phrase of the first subparagraph shall be replaced by the following:
- ‘2.1.1. On entry into, or exit from, the territory of a Member State, a stamp shall be affixed to’;
- b) The second subparagraph shall be replaced by the following:
- ‘No entry or exit stamp shall be affixed to the documents of citizens of the European Union, nationals of the countries of the European Economic Area, nationals of the Swiss Confederation. In addition, entry and exit stamps shall not be affixed to documents of nationals of third countries who are family members of citizens of the European Union, of nationals of the countries of the European Economic Area or of nationals of the Swiss Confederation provided that they present a residence card issued by a Member State or by one of these third States in accordance with Directive 2004/38/EC of the European Parliament and of the Council of 29 April 2004 on the right of citizens of the Union and their family members to move and reside freely within the territory of the Member States <sup>(10)</sup>.’
4. The following indent shall be added to point 2.1.5.:
- ‘– on the travel documents of the beneficiaries of bilateral agreements on local border traffic that do not provide for the stamping of these documents, if these bilateral agreements are in accordance with Community law’.
5. The following subparagraph shall be added to point 3.4.2.3.:
- ‘Even in the event of a relaxation of the checks, the officials responsible must proceed in accordance with point 1.3.5.4.’

## 4. gr.

Texti viðaukans skal fylgja sameiginlegu handbókinni sem viðauki.

## Article 4

The text appearing to the Annex shall be annexed to the common manual.

## 5. gr.

Framkvæmdastjórnin skal gefa ráðinu skýrslu um beitingu þessarar reglugerðar eigi síðar en þremur árum eftir gildistöku hennar.

## 6. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá 1. desember 2005.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar í samræmi við stofnsáttmála Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel, 13. desember 2004

*Fyrir hönd ráðsins,*  
B. R. BOT  
*forseti.*

## Article 5

The Commission shall report to the Council on the operation of this Regulation at the latest three years after its entry into force.

## Article 6

This Regulation shall enter into force on the day of its publication in the *Official Journal of the European Union*.

It shall apply from 1 December 2005.

This Regulation shall be binding in its entirety and directly applicable in the Member States in accordance with the Treaty establishing the European Community.

Done at Brussels, 13 December 2004.

*For the Council*  
*The President*  
B. R. BOT

- (1) Áliti var skilað 21. apríl 2004 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB).
- (2) Stjtið. EB L 239, 22.9.2000, bls. 19. Samningnum var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 871/2004 (Stjtið. ESB L 162, 30.4.2004, bls. 29).
- (3) Stjtið. EB C 313, 16.12.2002, bls. 97. Handbókinni var síðast breytt með ákvörðun 2004/574/EB (Stjtið. ESB L 261, 6.8.2004, bls. 36).
- (4) Stjtið. EB L 176, 10.7.1999, bls. 36.
- (5) Stjtið. EB L 176, 10.7.1999, bls. 31.
- (6) Skjal ráðsins 13054/04, aðgengilegt á <http://register.consilium.eu.int>
- (7) Skjal ráðsins 13464/04 og 13466/04, aðgengilegt á <http://register.consilium.eu.int>
- (8) Stjtið. EB L 131, 1.6.2000, bls. 43.
- (9) Stjtið. EB L 64, 7.3.2002, bls. 20.
- (10) Stjtið. ESB L 158, 30.4.2004, bls. 77.

- (1) Opinion delivered on 21 April 2004 (not yet published in the Official Journal).
- (2) OJ L 239, 22.9.2000, p. 19. Convention at last amended by Regulation (EC) No 871/2004 (OJ L 162, 30.4.2004, p. 29).
- (3) OJ C 313, 16.12.2002, p. 97. Manual as last amended by Decision 2004/574/EC (OJ L 261, 6.8.2004, p. 36)
- (4) OJ L 176, 10.7.1999, p. 36.
- (5) OJ L 176, 10.7.1999, p. 31.
- (6) Council doc. 13054/04 accessible on <http://register.consilium.eu.int>
- (7) Council doc. 13464/04 and 13466/04 accessible on <http://register.consilium.eu.int>
- (8) OJ L 131, 1.6.2000, p. 43.
- (9) OJ L 64, 7.3.2002, p. 20.
- (10) OJ L 158, 30.4.2004, p. 77.



VIÐAUKI  
„16. VIÐAUKI

KENNIMERKI RÍKIS

**Heiti ríkis**  
(Heiti stofnunar)



Ekki er þörf á kennimerki fyrir Ísland og Noreg

**VIÐURKENNING Á SÖNNUN ÞESS AÐ SKILYRÐI SÉU UPPFYLLT VARÐANDI LENGD  
STUTTRAR DVALAR Í ÞEIM TILVIKUM ÞEGAR KOMUSTIMPIL VANTAR Í FERÐASKILRÍKI**

Hinn \_\_\_\_\_ kl. (tímasetning) \_\_\_\_\_ í (staður) \_\_\_\_\_

Undirrituð yfirvöld, \_\_\_\_\_ veita eftirfarandi upplýsingar um eftirfarandi einstakling:

Kenninafn \_\_\_\_\_ Eiginnafn \_\_\_\_\_

Fæðingardagur og -ár \_\_\_\_\_ Fæðingarstaður \_\_\_\_\_ Kyn: \_\_\_\_\_

Ríkisfang \_\_\_\_\_ Búsetustaður \_\_\_\_\_

Ferðaskilríki \_\_\_\_\_ númer \_\_\_\_\_

Gefið út í \_\_\_\_\_ hinn \_\_\_\_\_

Númer vegabréfsáritunar \_\_\_\_\_ (ef við á) gefin út af \_\_\_\_\_

í \_\_\_\_\_ daga með eftirfarandi rökstuðningi: \_\_\_\_\_

Með hliðsjón af sönnunargögnum um lengd dvalar hans (hennar) á yfirráðasvæði aðildarríkjanna sem hann (hún) hefur lagt fram er litið svo á að hann (hún) hafi komið inn á yfirráðasvæði aðildarríkisins \_\_\_\_\_ hinn \_\_\_\_\_ kl. \_\_\_\_\_ á landamærastöðinni \_\_\_\_\_

Upplýsingar um hvernig hafa má samband við undirrituð yfirvöld:

Símanr. \_\_\_\_\_

Bréfasímanr. \_\_\_\_\_

Tölvupóstfang: \_\_\_\_\_

Viðkomandi einstaklingur skal fá afrit af þessu skjali.

Viðkomandi einstaklingur

Fulltrúi sem ber ábyrgð  
+ stimpill“

ANNEX

ANNEX 16

LOGO OF STATE

Name of State  
(Name of Office)



No logo required for Iceland and Norway

APPROVAL OF THE EVIDENCE REGARDING THE RESPECT OF THE  
CONDITION OF THE DURATION OF A SHORT STAY IN CASES WHERE THE  
TRAVEL DOCUMENT DOES NOT BEAR AN ENTRY STAMP

On \_\_\_\_\_ at (time) \_\_\_\_\_ at (place) \_\_\_\_\_

We, the undersigning authority, \_\_\_\_\_ have before us:

Surname \_\_\_\_\_ First name \_\_\_\_\_

Date of birth \_\_\_\_\_ Place of birth \_\_\_\_\_ Sex: \_\_\_\_\_

Nationality \_\_\_\_\_ Resident in \_\_\_\_\_

Travel document \_\_\_\_\_ number \_\_\_\_\_

Issued in \_\_\_\_\_ on \_\_\_\_\_

Visa number \_\_\_\_\_ (if applicable) issued by \_\_\_\_\_

for a period of \_\_\_\_\_ days on the following grounds: \_\_\_\_\_

Having regard to the evidence relating to the duration of his (her) stay on the territory of the Member States that he (she) has provided, he (she) is considered to have entered the territory of the Member State \_\_\_\_\_ on \_\_\_\_\_ at \_\_\_\_\_ at the border point \_\_\_\_\_

Contact details of the undersigning authority:

Tel. \_\_\_\_\_

Fax. \_\_\_\_\_

E-mail: \_\_\_\_\_

The person concerned shall receive a copy of this document.

Person concerned

Officer responsible  
+ stamp